

Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga haldinn 14. júlí 2016, kl 11.00, í fundarsal Háskólaþess Vestfjarða, Ísafirði.

Mætt voru Pétur G Markan, formaður, Ása Dóra Finnbogadóttir, Ingibjörg Emilsdóttir, Margrét Jónmundsdóttir og Sigurður Hreinsson. Ásamt stjórn sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri sem einnig ritaði fundargerð.

Gengið til boðara dagskrár.

1. Fundargerð stjórnar FV 2. júní 2016
2. Skipan varaformanns stjórnar
3. Starfslok menningarfulltrúa.
4. Uppbyggingarsjóður, aukaúthlutun
5. Skipulag starfsemi FV.
6. Starf Vestfjarðanefndar
7. Skólaþing Vestfjarða.
8. Byggaáætlun, fundarboð.
9. Bréf til og frá FV.

1. Fundargerð stjórnar FV 2. júní 2016

Fundargerð frá 2. júní lögð fram til staðfestingar. Fundargerðin hafði áður verið kynnt í tölvupósti. Fundargerð samþykkt.

2. Skipan varaformanns stjórnar.

Formaður óskaði eftir tillögu að varaformanni stjórnar. Tillaga kom fram um Ásu Dóru Finnbogadóttur. Tillagan samþykkt.

Mættur til fundar Jón Jónsson.

3. Starfslok menningarfulltrúa.

Lagður fram tölvupóstur frá 28. júní 2016 þar sem Jón Jónsson, menningarfulltrúi segir upp starfi sínu hjá FV með þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Jón Jónsson og framkvæmdastjóri fóru yfir stöðu verkefna og vinnslu þeirra á uppsagnartíma. Stjórn þakkar Jóni Jónssyni fyrir ánægjulegt og gefandi samstarf í gegnum árin og óskar honum velfarnaðar í nýju starfi á Hólmavík.

4. Uppbyggingarsjóður, aukaúthlutun

Lagt fram minnisblað menningarfulltrúa með tillögu um aukaúthlutun Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða allt að 6 mkr. Úthlutað fjármagn er hluti af uppsöfnuðu fjármagni frá starfstíma Menningarráðs Vestfjarða, niðurfelldir styrkir og vaxtatekjur, alls 11 mkr, en 5 mkr hefur verið ráðstafað til áhersluverkefna innan Sóknaráætlunar Vestfjarða.

Tillagan gengur út á að mynda smáverkefnasjóð með fyrirfram ákveðnum styrkuppphæðum, t.d. 100, 200 og 300 þúsund króna styrkjum. Þeir verði nýttir til að styðja menningarverkefni á lokastigi. Styrkirnir snúi að framleiðslu-, hönnunar- eða útgáfuverkefnum þar sem einstaklingar, félög, fyrirtæki eða menningarstofnanir á Vestfjörðum eru að þróa eða framleiða söluvöru, hvort sem útkoman er skáldsaga, myndlist, geisladiskur, ljóðabók eða vestfirskur minjagripur.

Móta þarf sérstakar úthlutunarreglur fyrir þessa úthlutun, þær myndu byggja á reglum Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða en yrðu einfaldaðar m.t.t. minna umfangs verkefna. Umsóknarfrestur yrði 31. ágúst og vinnustofur yrðu haldnar um miðjan ágúst.

Tillagan samþykkt.

Jón Jónsson, vék af fundi.

5. Skipulag starfsemi FV

Rætt um samstarf FV og Atvest og þróun þess. Frekari umræðu um málið vísað til haustþings FV.

6. Starf Vestfjarðanefndar

Formaður vísar til dagskrárliðar stjórnarfundar 2. júní FV um aðgerðaráætlun fyrir Vestfirði og tilkynningu á vef forsætisráðuneytis frá 27. júní s.l. varðandi skipan nefndar um samfélags- og atvinnuþróun á Vestfjörðum sem kalla má Vestfjarðanefnd. Í tilkynningu ráðuneytisins segir;

Á fundi ríkisstjórnarinnar 31. maí 2016 var samþykkt að skipa nefnd til að vinna aðgerðaráætlun á sviði samfélags- og atvinnuþróunar fyrir Vestfirði. Vinnan er undir forystu forsætisráðuneytisins en mun fara fram í nánú samstarfi við þau ráðuneyti sem við eiga og í samráði við stýrihóp ráðuneytanna um byggðamál.

Nefndin hefur nú verið skipuð og í henni sitja: Ágúst Bjarni Garðarsson, fulltrúi forsætisráðuneytisins og formaður nefndarinnar, Hanna Dóra Hólm Másdóttir, fulltrúi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, sem jafnframt er starfsmaður nefndarinnar, Daníel Jakobsson, fulltrúi norðanverðra Vestfjarða, Aðalbjörg Óskarsdóttir fulltrúi Stranda og Reykhólahrepps og Valgeir Ægir Ingólfsson, fulltrúi sunnanverðra Vestfjarða. Samráð verður haft við Fjórðungssamband Vestfirðinga við mótun tillagna.

Gert er ráð fyrir að nefndin skili tillögum eigi síðar en 31. ágúst 2016. Ekki er greitt sérstaklega fyrir störf í nefndinni.

Samkvæmt ákvörðun forsætisráðuneytis hefur FV og Atvest áheyrnarrétt á fundum nefndarinnar.

Formaður og framkvæmdastjóri FV auk framkvæmdastjóri Atvest hafa setið fundi nefndarinnar en haldnir hafa verið tveir fundir á Ísafirði og fundir eru boðaðir á Tálknafirði og Hólmavík á næstu tveim vikum. Formaður fór yfir efni fundanna.

7. Skólaþing.

Samráðsvettvangur sveitarfélaga óskaði eftir á fundi sínum þann 19. apríl s.l. að efnt yrði að nýju til Skólaþings Vestfjarða líkt og á síðasta hausti í aðdraganda Fj.þings.

Framkvæmdastjóri gerði tillögu um að skipulag þingsins verði tekin til skoðunar eftir haustþing FV. Tillagan samþykkt.

8. Önnur mál

- a. Kynning Byggðaáætlun. Kynnt beiðni Byggðastofnunar um fund samráðsvettvangs Sóknaráætlunar Vestfjarða á Ísafirði í október n.k. um efni nýrrar Byggðaáætlunar. Stjórn felur framkvæmdastjóra að undirbúa skipulag fundarins í samvinnu við Byggðastofnun.
- b. Ályktun LHSS um ljósleiðara. Kynnt ályktun sumarfundar LHSS dags 15. júní s.l. þar sem skorað er á stjórnvöld um hækkun framlaga til ljósleiðaraverkefnis. Framkvæmdastjóri óskaði eftir formlegri staðfestingu stjórnar á efni ályktunarinnar. Tillagan samþykkt.
- c. Erindi markaðsstofa til ráðherra ferðamála um fjármögnun markaðsstofa. Lagt fram til kynningar sameiginlegt erindi markaðsstofa dags. 16. júní s.l. *Fjárbörf og framlög til Markaðsstofa landshlutanna* Framkvæmdastjóri óskaði eftir formlegri staðfestingu stjórnar á efni máls. Tillagan samþykkt.
- d. Landsskipulagsstefna 2015-2026. Lagt fram til kynningar bréf Skipulagsstofnunar dags. 29. júní s.l.. Fram kemur að UAR hefur falið Skipulagsstofnun kynningu og umsjón með framfylgja efni ályktunarinnar.
- e. Orkusjóður – styrkir til uppbyggingu innviða fyrir rafbíla. Lögð fram til kynningar auglýsing Orkusjóðs dags 28. júní s.l.. Framkvæmdastjóra falið að kanna áhuga sveitarfélaga, orkufyrirtækja o.fl. um samstarf við umsókn til sjóðsins.
- f. Erindi til og frá FV. Lagt fram yfirlit um bréf til og frá FV til 30. júní s.l.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 15.00.

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri.